

**Nd.**

### **599. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kreppulánasjóð (þskj. 570).

Frá Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni, Vilmundi Jónssyni.

1. Við 18. gr.

a. Aftan við 1. málsg. bætist: miðað við það verðlag afurða, er lagt var til grundvallar við afgreiðslu frumvarps til skuldaskila samkv. 13. gr. Nú hækkar eða lækkar afurðaverð, og skal þá árgjaldið hækka eða lækka um sama hundraðshluta og hækkunin innheimtast með árgjaldinu, en greiðast lánardrottnum þeim, er eigi fengu fullnægt kröfum sínum samkv. 13. gr., og skiptast milli þeirra í réttu hlutfalli við eftirgjafir þeirra, þó aldrei meira en eftirgjöfunum nemur. Hækkun eða lækkun afurðaverðs, er nemur minnu en 20%, skal ekki tekin til greina. Ríkisstjórnin sétur nánari reglur um ákvörðun verðbreytingarinnar.

b. 2. málsg. greinarinnar falli niður.

2. Við 23. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Smáútgerðarmenn, er hafa aðalatvinnu sína af eigin útgerð, iðnaðarmenn, sjómenn og verkafólk, sem vegna verðlagsbreytinga eða atvinnuleysis er ekki fært um að standa við skuldbindingar sínar, reka atvinnu sína á heilbrigðum grundvelli eða framfleyta sér og sínum með vinnu sinni, eiga rétt á að komast undir ákvæði þessara laga, á sama hátt og þeir, er landbúnað hafa að aðalatvinnu, að uppfylltum hliðstæðum skilyrðum.